Bókun Birgittu Jónsdóttur.

Einn af hornsteinum lýðræðis grundvallast af getu ríkja til að vernda friðhelgi ríkisstjórna og stjórnsýslu sem og friðhelgi einkalífs borgara ríkisins. Nútímatækni hefur gert yfirvöldum annarra landa það kleift að safna stafrænum gögnum allra Íslendinga í trássi við stjórnarskrá lýðveldisins. Því er ljóst að nauðsynlegt er að íslenska ríkisstjórnin þarf að móta stefnu í samstarfi við alþjóðastofnanir og samtök er sérhæfa sig í að tryggja stafræna friðhelgi þvert á landamæri til að tryggja þjóðaröryggi Íslands.